Nr. 3 Lagt fram í Héraðsdómi Norðurlands eystra
13/3 2014

# S A M N I N G U R

Við undirritaðir, bæjarstjórinn í Húsavík f.h. Hitaveitu Húsavíkur, hér nefndir leigutaki og eigendur Laufahlíðar og Bláhvamms í Reykjahverfi, hér nefndir leigusali gerum með okkur svohljóðandi

samning:

1. Leigusali veitir leigutaka fullan afnotarétt á því heita vatni, sem fæst úr hluta leigusala í hverunum Syðstahver og Strútshver í Reykjahverfi, en þeir eru í eigu leigusala að 1/2 hluta hvor um sig.
Er áætlað, að úr hluta leigusala í hverunum fáist 5 sekúndulítrar af heitu vatni úr hvorum hver eða samtals um 10 sekúndulítrar, en nákvæmt magn verður fundið með reglubundnum mælingum og miðað við mesta rennsli.

2. Leigutaki fær með samningi þessum rétt til borunar eftir heitu vatni í landi leigusala. Fyrir borunarrétt þennan fær leigusali til eigin ráðstöfunar án endurgjalds 10% - 1/10 hluta - þess vatnsmagns, sem fæst við borun.
Er leigutaka að öðru leyti heimil án endurgjalds nýting þess viðbótarvatns, sem fæst við borunina.
Þurfi leigusali eigi á því vatnsmagni að halda, sem í hans hlut kemur við boranir, skal leigutaka skylt að kaupa af því vatnsmagni allt að 5 árssekúndulítra af heitu vatni.

3. Fyrir afnot af heitu vatni úr hverunum svo og fyrir nefnd 10% þess viðbótarvatns, sem leigusali fær vegna borana, en þarf ekki á að halda og leigutaka er skylt að kaupa skv. 2. gr. greiðir leigutaki leigusala kr. 10 000,oo - tíu þúsund krónur - fyrir hvern árssekúndulítra. Verð þetta miðast við verð gasolíu til húsahitunar í Húsavík á undirskriftardegi samnings þessa, þannig að verði breyting á verði olíunnar breytist afnotagjaldið samsvarandi. Verð gasolíu til húsahitunar í Húsavík er nú kr. 3,22 hver lítri úr leiðslu og ber að miða við það verð.
Greiðslur fyrir hið heita vatn skulu hefjast, þegar Hitaveita Húsavíkur hefur sölu heits vatns til notenda. Skulu greiðslur fara fram ársfjórðungslega, 31. marz, 30. júní, 30. sept. og 31. des. og greiðast inn á reikning leigusala í banka skv. nánari fyrirmælum leigusala.
Ársgreiðsla leigutaka skal miðuð við hámarksvatnsmagn úr hverunum og minnka greiðsla leigutaka ekki, þótt hann þurfi ekki á öllu því vatnsmagni að halda.

---

4. Heimilt er leigusala að minnka það vatnsmagn, er hann lætur af hendi úr fyrrgreindum tveimur hverum eftir 1975, ef hann þarfnast þess þá til eigin nota. Tilkynna skal slíka mi[illegible]ð a.m.k. 18 mánaða

landi leigusala. Fyrir borunarrétt þennan [illegible]
stöfunar án endurgjalds 10% - 1/10 hluta - þess vatnsmagns, sem fæst við borun.

Er leigutaka að öðru leyti heimil án endurgjalds nýting þess viðbótarvatns, sem fæst við borunina.

Þurfi leigusali eigi á því vatnsmagni að halda, sem í hans hlut kemur við boranir, skal leigutaka skylt að kaupa af því vatnsmagni allt að 5 árssekúndulítra af heitu vatni.--

3. Fyrir afnot af heitu vatni úr hverunum svo og fyrir nefnd 10% þess viðbótarvatns, sem leigusali fær vegna borana, en þarf ekki á að halda og leigutaka er skylt að kaupa skv. 2. gr. greiðir leigutaki leigusala kr. 10 000,oo - tíu þúsund krónur - fyrir hvern árssekúndulítra. Verð þetta miðast við verð gasolíu til húsahitunar í Húsavík á undirskriftardegi samnings þessa, þannig að verði breyting á verði olíunnar breytist afnotagjaldið samsvarandi. Verð gasolíu til húsahitunar í Húsavík er nú kr. 3,22 hver lítri úr leiðslu og ber að miða við það verð.

Greiðslur fyrir hið heita vatn skulu hefjast, þegar Hitaveita Húsavíkur hefur sölu heits vatns til notenda. Skulu greiðslur fara fram ársfjórðungslega, 31. marz, 30. júní, 30. sept. og 31. des. og greiðast inn á reikning leigusala í banka skv. nánari fyrirmælum leigusala.

Ársgreiðsla leigutaka skal miðuð við hámarksvatnsmagn úr hverunum og minnka greiðsla leigutaka ekki, þótt hann þurfi ekki á öllu því vatnsmagni að halda.

---

4. Heimilt er leigusala að minnka það vatnsmagn, er hann lætur af hendi úr fyrrgreindum tveimur hverum eftir 1975, ef hann þarfnast þess þá til eigin nota. Tilkynna skal slíka minnkun leigutaka með a.m.k. 18 mánaða fyrirvara, svo að leigutaka gefist kostur á að bæta sér upp vatnstapið með borunum.

5. Leigutaki skal gæta þess, að núverandi afnot leigusala af Syðstahver spillist ekki og hann fái þaðan nægan varma til upphitunar húsa og til suðu. Skal leigutaki ábyrgjast leigusala það tjón sem hann kynni að verða fyrir, ef afnotin af Syðstahver spillast og sjá um úrbætur tafarlaust.

6. Leigutaki á rétt til þeirra landsafnota í landi leigusala, sem nauðsynleg eru til virkjunar jarðhitans. Leigutaka er heimil nauðsynleg umferð um land leigusala til mannvirkjagerðar og viðhalds á mannvirkjum, sem nauðsynleg eru í sambandi við hitaveituna svo og til lagningar hitaveituleiðslu frá uppsprettum heita vatnsins um land leigusala. Þess skal gætt að valda sem minnstum spjöllum og greiða skal fullar bætur fyrir spjöll þau, sem verða kunna á landi eða mannvirkjum skv. samkomulagi eða mati, ef samkomulag næst ekki.
Um mat skv. samningi þessum skulu gilda reglur laga um framkvæmd eignarnáms nr. 61/1917.
Leigutaki greiðir ekki sérstaka lóðarleigu fyrir land undir mannvirki sín í landi leigusala.

7. Verði ágreiningur í samskiptum leigusala vegna túlkunar á samningi þessum skal hann útkljáður á þann hátt, að hvor aðili um sig getur skotið honum til úrskurðar 3ja manna gerðardóms og er úrskurður hans endanlega bindandi fyrir báða aðila. Hvor aðili skal tilnefna einn mann í gerðardóminn, en sýslumaður Þingeyinga útnefna oddamann. Skulu allir gerðardómsmenn fullnægja skilyrðum 36. gr. eml. nr. 85/1936.

8. Leigusali svarar til vanheimildar og réttar til framangreindra vatnsafnota og borunar. Verði Hitaveita Húsavíkur eigi tekin til starfa innan tveggja ára frá undirskrift samnings þessa fellur hann úr gildi.

9. Samningi þessum skal þinglýsa á kostnað leigutaka.



Framangreindu til staðfestu eru nöfn okkar rituð.

*Í Bláhvammi 2. apríl 1970*

*Björn Friðfinnsson* *Þórður Jónsson*
*Jón Frímann*

Móttekið 3/4 '70 kl. 10 til
færslu í veðmálabók Þingeyjarsýslu Ltr. 9
*Vottar:* 4643935 til þinglýsingar á manntalsþ